

L Ö G

55

7. maí

um

bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst og frá 1.—31. desember ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

2. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. Einnig skal heimilt að króa af síld og ufsa við land, svo sem tíðkast hefir eftir fyrir-mælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og að veiða síld í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki.

Eftir sjerstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur í landhelgi, sem fást við vísindalegar rannsóknir.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 5000—10000 gullkróna; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

4. gr.

Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnótaveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 gullkróna. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er í dragnótaveiðiskipi, eða á bát við skipshliðina, þegar það er á veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt

55 þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.
7. maí Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu.

5. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, er getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

6. gr.

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Fiskiveiðasjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seku upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

7. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Nú berst atvinnumálaráðuneytinu krafa um frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir, og skal því þá heimilt að setja ákvæði um það, en leita skal ráðuneytið þó, áður en ákvörðun er tekin í málinu, álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

Ákvæði þau, er ráðuneytið setur í þessum efnun, hafa laga-gildi, og skulu þau birt almenningi hið bráðasta og jafnframt greind takmörk á svæði því, er þau ná til.

Fyrir brot gegn ákvæðum ráðuneytisins skulu sektarákvæði og viðurlög öll hin sömu sem segir í lögum þessum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 27, 20. júní 1923, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi. Þó skulu ákvæði þau um bann gegn dragnótaveiði, sem sett hafa verið samkvæmt þeim lögum, vera í gildi áfram.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.